

Föstudaginn 14. desember 1962.

Nr. 34/1962. **Bæjarsjóður Ísafjarðar**
(Árni Guðjónsson hrl.)
gegn

Útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking dóms og heimvísun máls.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. marz 1962.

Við sérstakan málflutning, sem fram hefur farið í Hæstarétti um formhlið málsins, hefur áfrýjandi aðallega krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara hefur áfrýjandi krafizt ómerkingar héraðsdóms og að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Áfrýjandi krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í þessum þætti krefst stefndi þess, að framangreindum kröfum áfrýjanda verði hrundið og honum dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti.

Meðferð málsins í héraði hefur í stórum dráttum verið þessi:

Við þingfestingu þess hinn 4. september 1961 var af hálfu stefnanda, þ. e. stefnda hér fyrir dómi, lögð fram stefna, greinargerð og nokkur önnur gögn. Sótt var þing af hálfu varnar aðilja, þ. e. áfrýjanda, og h/f Ísfirðings, og fengu þeir fresti í málinu til 29. s. m. Þá var af hálfu bæjarsjóðs Ísafjarðar lögð fram greinargerð ásamt nokkrum öðrum málsskjölum. Með samkomulagi aðilja var málinu því næst frestað til 30. október 1961, en þann dag var því enn frestað til 13. nóvember s. á. að ósk stefnanda. Er málið kom þá fyrir héraðsdóm, var sótt þing af hálfu stefnanda h/f Ísfirðings, en hins vegar eigi af hendi bæjarsjóðs Ísafjarðar. Í upphafi

þinghalds var kveðið á um, að málið skyldi flutt skriflega samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936. Þá var og lögð fram greinargerð ásamt aðiljaskýrslu af hálfu h/f Ísfirðings auk skjals af hendi stefnanda, sem nefnt var greinargerð. Málinu var því næst með samkomulagi frestað til 27. nóvember 1961 og þá með sama hætti til 5. desember s. á. Þann dag var dómþing sótt af hálfu allra málsaðilja. Var þá tekin aðiljaskýrsla af bæjarstjóra Ísafjarðar, málflutningsmenn stefnda og bæjarsjóðs Ísafjarðar fengu skráðar svonefndar bókanir í þingbók, og loks var tekin skýrsla af bankastjóra stefnanda. Enn var málinu frestað með samkomulagi til 8. janúar 1962. Að ósk stefnanda var málinu þá frestað til 15. s. m., og þann dag enn með samkomulagi til 5. febrúar s. á. Þá var sótt þing af hálfu stefnanda og bæjarsjóðs Ísafjarðar, sem bað um framhaldsfrest, en þeirri beiðni var andmælt af hálfu stefnanda. Næsta dag, er málið var enn tekið fyrir, var af hálfu stefnanda fallizt á lokafrest til 12. s. m. Þann dag var sótt þing af hálfu sömu aðilja. Samkvæmt þingbók lýsti umboðsmaður bæjarsjóðs Ísafjarðar því, að fallizt væri á, að gagnasöfnun teldist lokið og að frumvörn yrði lögð fram af hans hálfu, jafnskjótt og frumsókn hefði borizt. Málflutningsmaður stefnanda fékk þá enn lagt fram skjal, svonefnda bókun. Er svo hafði verið gert, lét héraðsdómari færa til bókar, að málflutningsmaður bæjarsjóðs Ísafjarðar, sem hefur skrifstofu í Reykjavík, hafi 6. febrúar 1962 fengið lokafrest í málinu og þrátt fyrir tvær ferðir frá Reykjavík frá þeim tíma hefði ekkert frá honum borizt nema framangreind yfirlýsing umboðsmanns hans. Að kröfu stefnanda var málið því næst tekið til dóms og dómur upp kveðinn 22. s. m.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að meðferð máls þessa í héraði hefur orðið með þeim hætti, að mjög brýtur í bága við ákvæði IX. kafla laga nr. 85/1936. Eftir að málsaðiljar höfðu hvor um sig á dómþingi 13. nóvember 1961 lagt fram greinargerð í samræmi við 105. og 106. gr. nefndra laga og héraðsdómari hafði samkvæmt 109. gr. sömu laga kveðið á um skriflegan málflutning, átti hann eftir þörfum að veita aðiljum frest til

öflunar gagna samkvæmt 110. gr. sömu laga. Fleiri greinargerðum eða svonefndum bókunum varð ekki að komið. Að gagnasöfnuninni lokinni áttu fyrirvarsmenn aðilja því næst samkvæmt 110. gr. laganna rétt til að flytja tvisvar skriflega sókn og vörn, áður en málið væri tekið til dóms.

Þar sem svo mjög hefur verið brotið gegn þessum ákvæðum réttarfarslaga og raun ber vitni, verður ekki hjá því komizt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði, eftir að greinargerð og aðiljaskýrsla höfðu verið lagðar fram af hálfu h/f Ísfirðings hinn 13. nóvember 1961.

Eftir atvikum verður málskostnaður þó látinn niður falla í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerkur svo og málsmeðferð í héraði, eftir að greinargerð og aðiljaskýrsla höfðu verið lagðar fram af hálfu h/f Ísfirðings hinn 13. nóvember 1961.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 22. febrúar 1962.

Ár 1962, fimmtudaginn 22. febrúar, var í bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 12. febrúar síðastl.

Mál þetta, sem þingfest var 4. sept. 1961, hefur Jón Grímsson málf lutningsmaður á Ísafirði höfðað f. h. útibús Landsbanka Íslands á Ísafirði gegn Jóni Guðjónssyni bæjarstjóra f. h. bæjar-sjóðs Ísafjarðar og Kjartani J. Jóhannssyni lækni, stjórnarformanni Ísfirðings h.f., f. h. félagsins með stefnu, útgefinni 10. júlí 1961.

Krefst stefnandi þess, að stefndu greiði honum in solidum tvo víxla, að upphæð kr. 75.000.00 og kr. 50.000.00, alls kr. 125.000.00, 11% ársvexti af umstefndri upphæð frá 11. júlí 1960 til greiðsludags $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi eftir taxta L.M.F.Í.

Stefndi, bæjarsjóður Ísafjarðar, krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður eða lækkaður verulega. Þá mótmælir hann vaxtakröfum stefnanda sem of háum.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að mótmæli stefnanda gegn varnarástæðum hans væru of seint fram komin.

Af hálfu stefnda Ísfirðings h.f. hafa engar kröfur verið settar fram.

Málavextir eru þessir:

Hinn 9. janúar 1958 fór stjórn Ísfirðings h.f., Ísafirði, þess á leit við bæjarstjórn Ísafjarðar, að hún ábyrgist fyrir félagið 250 þúsund króna lán, sem notað skyldi til þess að halda úti skipum félagsins, b.v. Ísborgu og b.v. Sólborgu. Í bréfi, þar sem tekin er upp samþykkt félagsstjórnar og send bæjarráði, er tekið svo til orða, „að til greiðslu á láni því, sem tekið yrði með þessari ábyrgð, ráðstafar félagið hækkun dagpeninga til togaranna, sem er 24 þús. krónur á mánuði, þar til lánið er að fullu greitt“.

Bæjarráð Ísafjarðar tók erindi félagsstjórnarinnar fyrir sama dag, þ. e. 9. janúar 1958, og var málaleitun félagsins samþykkt þar og sömuleiðis á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðar, er haldinn var 10. janúar 1958, og með þeim skilyrðum, að ráðgerð hækkun á dagpeningum togaranna, sem nam kr. 400.00 á skip, gangi til greiðslu á láninu.

Hinn 11. janúar 1958 gefur Jón Guðjónsson bæjarstjóri út og ábekur f. h. bæjarsjóðs tvo víxla, hvorn að upphæð kr. 125.000.00, en samþykkjandi var f. h. Ísfirðings h.f. Ásberg Sigurðsson forstjóri. Víxlar þessir voru síðan seldir útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði. Af hálfu Ísfirðings h.f. hafði Útflutningssjóði verið skrifað 17. janúar 1958 og farið fram á það, að Útflutningssjóður greiddi bæjarsjóði Ísafjarðar hækkun á dagstyrk togaranna Ísborgar og Sólborgar, a.m.k. 25 þús. krónur á mánuði, í „fyrsta skipti af styrk skipanna fyrir febrúarmánuð n.k. og síðan áfram mánaðarlega, þar til upphæðin er að fullu greidd“, þ. e. þær 250 þús. krónur, sem lánið nam. Tekið var fram af hálfu Ísfirðings h.f., að ávísun þessi væri framseljanleg, enda framseldi bæjarsjóður Ísafjarðar útibúi Landsbankans á Ísafirði ávísunina með bréfi 17. janúar 1958. Var þar tekið fram, að óskað væri, að útibúið gerði ráðstafanir til þess að tryggja greiðslurnar hjá Útflutningssjóði og að þær gengju til greiðslu víxilskulda þeirra, sem áður eru nefndar.

Hinn 14. júní 1958 var dagstyrkur til botnvörpuskipa felldur niður. Útflutningssjóður skrifaði útibúi Landsbankans á Ísafirði 18. júní 1958 og tilkynnti, að um frekari greiðslur upp í áður-nefnda ávísun Ísfirðings h.f. til útibúsins verði ekki að ræða af hálfu sjóðsins. Var ávísunin þá að eftirstöðvum kr. 175.000.00, og höfðu þannig með þessum hætti verið greiddar kr. 75.000.00 af víxlunum.

Útibú Landbankans á Ísafirði tilkynnti bæjarsjóði Ísafjarðar með bréfi, dags. 23. júní 1958, hvernig komið væri, þ. e. að ekki verði um meiri greiðslur vegna Ísfirðings h.f. af hálfu Útflutningssjóðs að ræða og þar með, að útibúið ætlist til þess, að víxlarnir verði áframhaldandi greiddir niður með 25 þús. krónum á mánuði, eins og ætlað var til með ofangreindri ávísun.

Bæjarráð Ísafjarðar hafði mál þetta til meðferðar 28. júní 1958 og bæjarstjórn Ísafjarðar 1. ágúst 1958. Er í fundargerð bæjarráðs, sem afgreidd var sem tilkynning á bæjarstjórnarfundum, sagt, að náðst hefði samkomulag milli bæjarráðs, forstjóra Ísfirðings h.f. og útibússtjóra Landsbankans hér um það, að bankinn annist þessar greiðslur í stað Útflutningssjóðs áður. „Hin tilvitnuðu orð eru, að því er segir í eftirriti af fundargerð bæjarráðs, dskj. nr. 12 í málinu, byggð á munnlegum upplýsingum staðgengils bæjarstjóra, sem mættur var á bæjarráðsfundinum. Útibússtjóri Landsbankans á Ísafirði hefur neitað því, að nokkurt samkomulag hafi átt sér stað af hálfu bankans um greiðslu víxlanna og benti á kröfur bankans um þetta atriði í bréfi frá 23. júní, dskj. nr. 11.

Forstjóri Ísfirðings h.f., Ásberg Sigurðsson, telur tilvitnuð ummæli á algerum misskilningi byggð. Verður því að telja þetta atriði ósannað.

Af dagpeningum togaranna höfðu greiðzt upp í víxlana kr. 75.000.00, og eru kvittanir bankans dagsettar 3. marz, 8. apríl og 9. maí 1958, dskj. nr. 13—15. Hinn 31. marz 1960 keypti útibú Landsbankans á Ísafirði tvo víxla, að upphæð kr. 50.000.00 og 75.000.00, af Ísfirðingi h.f. til endurnýjunar víxlum sömu upphæða. Hafa því víxlar þessir verið greiddir niður á tímabilinu frá júní 1958 þangað til í marz 1960 um kr. 50.000.00, og mun Ísfirðingur h.f. hafa séð um þessar afborganir, en stefndi hefur haldið því fram, að upphæðin hafi verið greidd af útibúinu af útflutningsuppbótum Ísfirðings h.f.

Hinn 13. júlí 1960 fellur bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Ísafjarðar frá afsögn víxla þessara, samtals kr. 125.000.00, og er mál

þetta risið út af þeim, og höfðað eins og áður segir. Þrátt fyrir það þó stefnandi hafi fallizt á að veita langa fresti í máli þessu, hefur hann þó haldið því fram, að málið væri hreint víxilmál og því tilgangslaust fyrir stefnda bæjarsjóð að draga inn í það varnarástæður, sem óheimilt væri að hafa uppi í víxilmálum.

Það verður að fallast á það með stefnanda, að varnarástæður stefnda séu ekki þess eðlis, sem fyrir er mælt í 208. gr. laga nr. 85/1936, og að ekki liggi fyrir samþykki samkv. kröfum 209. gr. sömu laga.

Þá verður ekki heldur fallizt á það, að of seint séu fram komnir mótmæli stefnanda við því, að stefndi hefði uppi varnir. Stefnandi hefur að vísu um alllangt skeið fengizt við málflutning, en er ólöglærður.

Dómarinn telur, að það eigi ekki að koma stefnanda að sök, ef leiðbeiningarskylda hvílir á dómaranum, að hann hefur ekki notið leiðbeininga í upphafi máls þessa.

Sækjandi hefur krafizt þess, að svohljóðandi ummæli Árna Guðjónssonar hrl., umboðsmanns stefnda, verði dæmd dauð og ómerk og hann sektaður fyrir (dskj. nr. 6):

„Eigi liggur fjarri, að sú skýring sé á málatilbúnaði þessum á hendur umbj.m., að stefnandi hafi, er halla tók mjög undan fæti fjárhagslega fyrir Ísfirðing h.f., tekið þær fjárhæðir, sem um bankann fóru fyrir útflutningsverðmæti Ísfirðings h.f., upp í aðrar og ótryggari skuldir þessa fyrirtækis við bankann til þess að minnka tap bankans á hugsanlegu gjaldþroti Ísfirðings h.f.“

Þar sem telja verður ummæli þessi meiðandi fyrir Einar B. Ingvarsson bankastjóra, ber að verða við kröfu sækjanda og dæma þau dauð og ómerk. Árni Guðjónsson hrl. greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3ja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Niðurstaða málsins verður því samkvæmt framansögðu sú, að taka ber til greina kröfur stefnanda að öllu leyti, en þó þannig, að af upphæðinni greiðist 11% ársvextir frá 11. júlí 1960 til 1. jan. 1961, en 9½% ársvextir frá þeim tíma til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða in solidum kostnað málsins, sem nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 12.674.00.

Þess skal getið, að Ísfirðingur h.f. var úrskurðaður gjaldþrota 31. janúar 1962.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Guðjónsson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Ísa-fjarðar og protabús Ísfirðings h.f., greiði in solidum stefn-anda, Jóni Grímssyni f. h. Landsbanka Íslands, útibús á Ísa-firði, kr. 125.000.00 ásamt 11% ársvöxtum frá 11. júní 1960 til 1. janúar 1961 og 9½% frá 1. janúar 1961 til greiðslu-dags, ⅓% upphæðarinnar í þóknun og kr. 12.674.00 í máls-kostnað.

Framangreind ummæli skulu vera ómerk. Árni Guðjóns-son hrl. greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað hennar, verði hún ekki greidd innan aðfarar-frests í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirt-ingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. desember 1962.

Nr. 9/1962. **Árni Haraldsson og Ásbjörn Ólafsson**
(Gústaf Ólafsson hrl.)

gegn

Birni Haraldssyni,
Erlu Haraldsdóttur og
Kristínu Haraldsdóttur og gagnsök
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um eignarrétt að lóð og lóðamörk.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæsta-réttar með stefnu 25. janúar 1962, gera þessar dómkröfur:

1. „Að staðfest verði, að mörk lóðarinnar. nr. 2 við Lækjargötu í Reykjavík séu, eins og fram kemur á upp-drætti þeim af lóðinni, sem gerður var af skrifstofu bæjar-verkfræðingsins í Reykjavík, mælingadeildinni, í febrúar-mánuði 1961, sbr. hdskj. nr. 3 í málinu“, þannig, eins og segir í héraðsstefnu, „að norður- og austurmörk séu hús-